Hraunvallaskóli

VINÁTTA – SAMVINNA – ÁBYRGÐ

Fundargerð skólaráðs Hraunvallaskóla

Dags: 31.10. 2017. Fundur haldinn í fundarherbergi skólans frá kl. 8.10 - 09:30

Mættir: Lars Jóhann Imsland, Guðrún Sturlaugsdóttir, Guðbjörg Inga Guðmundsdóttir, Hrönn Garðarsdóttir, Helga Helgadóttir, Hugrún Helga Ketel, Björgvin Franz Gíslason, Unnur Jónsdóttir, Berghildur Björt Egilsdóttir og Elín Björg Símonardóttir. Sara Pálmadóttir sat einnig fundinn.

Dagskrá:

1. Kynning á Green Clean Future

Skólastjóri kynnti ERASMUS+ verkefnið Green Clean Future. Um er að ræða samstarfsverkefni við fjögur önnur lönd; Danmörk, Norður-Írland, Rúmeníu og Finnland sem stýrir verkefninu. Verkefnið er unnið skólaárin 2017-19 og áhersla er á umhverfisvernd og sjálfbærni og þætti eins og loftlagsbreytingar, veðurfarsbreytingar, matarsóun, sjálfbæran ferðamáta, plast, endurvinnslu og flokkun. Hraunvallaskóli sér um skipulag verkefna tengd plasti og ber ábyrgð á gæðastjórnun verkefnisins. Verkefnið hefur heimasíðu, https://greencleanfutureer.vixsite.com/erasmus, þar sem afrakstur samstarfsins mun birtast jafnóðum.

2. Aðbúnaður og öryggismál

Skólastjóri upplýsti að bæta þurfi hljóðvist í lausum kennslustofum skólans. Sérstaklega á ,,Glæsivöllum“ og „Leikvöllum.‘‘ Skólastjórnendur eru í gegnum árin margoft búnir að biðja um lagfæringar og úrbætur en ekki hefur verið brugðist við þessum atriðum ennþá. Það er mikilvægt bæta hljóðvist í þessum húsum sem fyrst enda ólíðandi að börn og starfsmenn þurfi að vera í vinnuumhverfi sem er ófullnægjandi hvað hljóðvist varðar. Þess ber að geta að foreldrar hafa ítrekað komið með ábendingu um slæma hljóðvist á Glæsivöllum.

Rætt var um skólalóð og úrbætur sem gera þarf þar. Skólaráð var sammála um að mikilvægt væri að gera heildarúttekt á skólalóðinni svo koma megi betur til móts við fjölbreyttar þarfir nemenda til afþreyingar. Hér þarf að hafa í huga að Hraunvallaskóli er einn stærsti grunnskóli landsins og að skólalóðin er hjarta hverfisins þar sem börn leika sér frá morgni til kvölds, allt árið um kring. Skólaráð vill leggja á það sérstaka áherslu að útbúin verði aðstaða fyrir þá sem hafa áhuga á hjólabrettum og að fjölga þurfi leikvöllum og bæta umgjörð þeirra sem fyrir eru. Einnig þarf að fjölga grindum fyrir hjól og hlaupahjól. Skólayfirvöld hafa áður óskað eftir úrbótum um þessi mál en viðbrögð hafa verið lítil hingað til.

Skólastjóra var falið að semja ályktun um þessi mál og koma til fræðslustjóra.

3. Snjalltækjareglur

Byrjað er að huga að sérstökum snjalltækjareglum. Skólastjóri leggur áherslu á að skólasamfélagið sameinist um reglurnar og taki þátt í að móta þær. Málið verður tekið aftur fyrir á næsta skólaráðsfundi.

4. Önnur mál:

Rætt var um forfallakennslu. Skólastjóri fór yfir skipulag á forfallakennslu og upplýsti að foreldrar myndu fá tölvupóst ef ekki næðist að manna forföll hjá nemendur, þ.e. ef kennslustund fellur niður.

Fundargerð ritaði Lars Jóhann Imsland